

LAND2ÍS05

Búið til: Thu, 20 Aug 2020 09:41:00 GMT

Titill

Landið þitt Ísland

Skammstöfun

LAND2ÍS05

Útgáfunúmer

5

Námsgrein

landafræði

Viðfangsefni

Ísland

Staða

Samþykkt af skóla

Þrep

2

Einingafjöldi

5

Tillaga að bókstöfum/tölustöfum skóla

Lýsing

Í þessum áfanga er lögð áhersla á að nemendur þekki Ísland á sem fjölbreyttastan hátt. Nemendur noti öpp (smáforrit) og forrit til að kynnst ýmsum stöðum landsins, sem og atvinnuháttum, veðurfari, ferðamöguleikum, menningu, landslagi, náttúruperlum og fleiru sem tengist landinu. Lögð er áhersla á skapandi skil og sjálfstæð vinnubrögð og upplýsingaleit.

Forkröfur

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Náttúru Íslands, fólkinu og því sem landið hefur upp á að bjóða
- Ferðamöguleikum á landinu
- Atvinnuháttum, veðurfari, landslagi og fleiru sem tengist landinu
- Mismunandi landshlutum og fjölbreytileikum þeirra

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- Kynna landið og ræða það af þekkinu og virðingu
- Afla fjölbreyttra upplýsinga og vinna með þær
- Nota þau forrit, öpp og vefi sem í boði eru við vinnslu verkefna
- Verða sjálfbjarga í að leita upplýsinga og koma þeim til skila í verkefnavinnu
- Vinna sjálfstætt og með öðrum til að koma þekkingu sinni á framfæri

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Gera sér grein fyrir ólíkum aðstæðum í mismunandi landshlutum
- Fjalla um atvinnuvegi, veðurfar, ferðamöguleika og fleira á mismunandi svæðum landsins
- Fjalla um helstu náttúruperlur landsins og staðsetningu þeirra
- Setja saman ferðir og kynningar um Ísland á rafrænan hátt

Námsmat

Í áfanganum er viðhaft símat alla önnina.

Skólar

Fyrirmynd